| Kennari: | Kennslufyrirkomulag: |
|---|---|
| Kristín Björk Hallvarðsdóttir<br>Sigríður Heiða Sigurðardóttir<br>Sveinbjörg Anna Karlsdóttir | Kennsla inn í bekk |
| **Tímafjöldi:** | **Bekkur:** |
| 1 kennslustund | 3. bekkur |

## Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaþroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

## Enska

| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið í 3. bekk<br>*Að nemandi:* | Leiðir: |
|---|---|---|---|
| Hlustun<br>Lestur<br>Talað mál<br>Ritun | Portfolio - Speak out<br><br>Portfolio - Work out | – skilji mjög einfaldan texta<br>– þjálfist með að vinna með orð<br>– æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu<br>– geti heilsað og kvatt á ensku<br>– geti kynnt sig með nafni og spurt aðra að nafni<br>– kunni tölur frá 1-20<br>– kunni algengustu liti<br>– þekki heiti yfir algengar flíkur<br>– þekki algeng heiti yfir fjölskyldumeðlimi<br>– þekki heiti yfir helstu líkamshluta<br>– þekki nokkur algeng dýraheiti yfir húsdýrin<br>– þekki helstu heiti yfir ávexti<br>– þekki heiti yfir nokkur veðurfyrirbrigði<br>– geti sagt hvað hann er gamall og spurt um aldur<br>– þekki kveðjur sem notaðar eru á afmælum og jólum | Vinnubók<br>Hlustun<br>Leikir<br>Söngur<br>Áhorf af neti |
| **Námsmat:** | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum. | | |

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

| | |
|---|---|
| ★ | Framúrskarandi |
| ✓ | Hæfni náð |
| ◇ | Á góðri leið |
| ○ | Þarfnast þjálfunar |
| L | Lokið |
| Ó | Ólokið |
| U | Undanþága |